

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Pálinu Pálsdóttur og Jóns Andréssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum, af dómsmálaráðherra 18. febrúar 1983.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Pálinu Pálsdóttur og Jóns Andréssonar.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um hjónin Pálinu Pálsdóttur og Jón Andrésson frá Valdasteinsstöðum í Hrutafirði af dætrum þeirra Ingibjörgu og Guðlaugu, Grandavegi 28, Reykjavík 13. okt. 1975.

1. gr.

Sjóðurinn er gefinn Héraðsskólanum að Reykjum.

2. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður hjónanna Pálinu Pálsdóttur og Jóns Andréssonar.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er gkr. 100 000 — eitt hundrað þúsund. —.

4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Sparisjóði Hrutfirðinga eða annarri viðurkenndri peningastofnun með bestu fánlegum vaxtakjörum.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má eigi skerða, en allt að $\frac{2}{3}$ vaxta sjóðsins skal varið til kaupa á viðurkenndum íslenskum skáldverkum eða fræðiritum handa bókasafni skólans.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: skólastjóri héraðsskólans, formaður skólanefndar og sá af starfsmönnum skólans, sem hefur umsjón með bókasafninu.

7. gr.

Stjórnin sér um bókhald yfir fjárreiður sjóðsins og heldur skrá um þær bækur, sem keyptar eru fyrir fé hans.

8. gr.

Verði Héraðsskólinn að Reykjum lagður niður eða hann hætti algjörlega störfum, skal fjármunum sjóðsins ráðstafað til barnaskólanna (grunnskólanna) í Staðarhreppi, V-Húnavatnssýslu og Bæjarhreppi í Strandasýslu.

9. gr.

Skipulagsskrá þessi skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.